

Fjarðabyggð

Ársreikningur 2018

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Kt. 470698-2099

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	31

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 8.124 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 5.926 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,5% sem er lögbundið hámark án álags, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% án álags. Bæjarstjórn hefur heimild til að hækka álagningu A og C flokka um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð sem nam 738,9 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 203,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2018 nam 5.164 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 781,9 millj. kr.

Sveitarfélagið birtir yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar er settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2018 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Reyðarfirði, 11. apríl 2019.

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reyðarfirði, 2. maí 2019.

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðandi sveitarfélagsins mun árita ársreikninginn samhliða áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	5	3.792.082	3.710.127	3.529.909	3.774.153	3.695.699	3.512.072
Framlög Jöfnunarsjóðs	5	1.256.131	1.117.295	867.716	1.256.131	1.117.295	867.716
Aðrar tekjur	5	878.205	907.112	866.137	3.093.223	2.370.747	2.920.044
		<u>5.926.418</u>	<u>5.734.534</u>	<u>5.263.762</u>	<u>8.123.507</u>	<u>7.183.741</u>	<u>7.299.833</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	6	3.195.612	3.072.410	3.019.741	3.886.052	3.360.091	3.688.298
Lífeyrisskuldbinding, breyting	16	260.911	195.538	129.321	270.482	207.207	(12.764)
Annar rekstrarkostnaður		1.735.275	1.677.907	1.565.787	2.347.545	2.174.913	2.262.080
		<u>5.191.798</u>	<u>4.945.856</u>	<u>4.714.849</u>	<u>6.504.079</u>	<u>5.742.212</u>	<u>5.937.615</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		734.620	788.678	548.913	1.619.428	1.441.528	1.362.218
Afskriftir og virðisrýrnun	9	(253.889)	(247.294)	(244.919)	(524.918)	(507.508)	(549.381)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		480.731	541.384	303.994	1.094.510	934.020	812.838
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	(277.724)	(312.097)	(272.423)	(364.700)	(408.005)	(306.619)
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum	10	0	0	0	27.857	0	11.097
Tekjuskattur	11	0	0	0	(18.756)	0	(11.345)
Rekstrarniðurstaða	15	<u>203.007</u>	<u>229.287</u>	<u>31.571</u>	<u>738.911</u>	<u>526.015</u>	<u>505.971</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2018	2017	2018	2017	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	9	6.828.794	6.528.550	7.232.603	6.966.852
	Veitur, hafnir og gatnakerfi	9	542.554	486.080	4.911.182	4.786.645
	Vélar, áhöld og tæki	9	115.792	127.442	168.032	160.139
	Leigðar eignir	9	50.179	50.379	54.718	58.561
			<u>7.537.319</u>	<u>7.192.452</u>	<u>12.366.536</u>	<u>11.972.196</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	10	499.610	499.871	570.218	542.729
	Tejkuskattseign	11	0	0	11.268	24.819
	Langtímakröfur	12	6.476	0	6.476	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	13	274.854	0	317.989	0
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12	210.996	211.098	0	0
			<u>991.936</u>	<u>710.969</u>	<u>905.952</u>	<u>567.548</u>
	Fastafjármunir		<u>8.529.255</u>	<u>7.903.421</u>	<u>13.272.488</u>	<u>12.539.744</u>
Veltufjármunir						
	Birgðir		0	0	8.582	9.507
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur	14	478.860	441.217	792.826	633.835
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		97.228	49.683	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12	14.366	24.096	0	0
	Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	12	629	0	629	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	13	10.395	0	12.052	0
	Aðrar skammtímakröfur	14	43.746	47.988	51.798	57.203
	Handbært fé	31	354.248	255.144	369.788	267.407
	Veltufjármunir		<u>999.472</u>	<u>818.128</u>	<u>1.235.676</u>	<u>967.952</u>
	Eignir samtals		<u>9.528.727</u>	<u>8.721.549</u>	<u>14.508.164</u>	<u>13.507.696</u>

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2018	2017	2018	2017	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	15	781.888	418.204	5.164.017	4.264.429
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	16	2.316.658	2.131.779	2.466.088	2.277.119
Tekjuskattsskuldbinding	11	0	0	157	0
Aðrar skuldbindingar	17	9.579	11.073	9.579	11.073
		2.326.237	2.142.853	2.475.824	2.288.192
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	18	3.379.526	3.292.640	5.323.989	5.318.957
Leiguskuldir	19	40.061	49.475	42.667	61.876
		3.419.587	3.342.115	5.366.657	5.380.833
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		0	0	4.527	6.337
Skuldir við eigin fyrirtæki		1.820.673	1.509.384	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	327.473	315.364	488.149	468.429
Næsta árs afborganir leiguskulda	19	28.218	26.076	38.212	34.969
Aðrar skammtímaskuldir		824.651	967.554	970.778	1.064.506
		3.001.015	2.818.378	1.501.666	1.574.241
Skuldir og skuldbindingar samtals		8.746.839	8.303.345	9.344.147	9.243.267
Eigið fé og skuldir samtals		9.528.727	8.721.549	14.508.164	13.507.696
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings	21				

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	15	203.007	229.287	31.571	738.911	526.015	505.971
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir og virðisrýrnun	9	253.889	247.294	244.919	524.918	507.508	549.381
Verðbætur og gengismunur		66.118	82.872	43.567	121.914	136.837	76.439
(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjármuna ...		(45)	0	8.604	(5.890)	(4.000)	(1.422)
Niðurfærsla eignarhluta		0	0	30.899	0	0	0
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum		0	0	0	(27.857)	0	(11.097)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	16	260.911	174.456	129.321	270.482	175.979	(12.764)
Tekjuskattur, breyting		0	0	0	13.707	0	8.857
Veltufé frá rekstri		783.880	733.909	488.881	1.636.184	1.342.339	1.115.364
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	13	(285.249)	0	0	(330.042)	0	0
Birgðir, breyting		0	0	0	924	0	344
Óinnheimtar tekjur, breyting		(37.644)	0	(73.809)	(155.802)	0	(76.622)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		4.242	0	(4.178)	2.216	0	(10.498)
Skammtímaskuldir, breyting		(142.903)	20.000	192.479	(93.728)	20.000	164.632
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	16	(76.032)	(74.900)	(68.460)	(81.512)	(83.152)	(74.438)
Samtals		(537.584)	(54.900)	46.031	(657.944)	(63.152)	3.419
Handbært fé frá rekstri		246.296	679.009	534.912	978.240	1.279.187	1.118.783
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	9	(440.873)	(427.257)	(335.725)	(762.412)	(942.757)	(996.599)
Söluverð rekstrarfjármuna		275	0	15.000	7.275	7.000	36.525
Eignarhlutir í félögum, breyting		261	0	0	368	0	1.200
Langtímakröfur, breyting		(6.737)	(287.012)	0	(6.737)	(332.780)	11.416
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.....		17.167	17.229	219.667	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(429.908)	(697.040)	(101.058)	(761.505)	(1.268.537)	(947.458)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, lækkun		0	0	(190.000)	(1.810)	0	(643.663)
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		263.744	(91.471)	(192.692)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	18	342.303	469.923	237.971	385.894	517.339	900.971
Nýjar leiguskuldir	19	14.645	0	0	14.645	0	0
Afborganir langtímalána	18	(313.542)	(358.078)	(309.212)	(479.564)	(526.077)	(477.118)
Afborganir leiguskulda	19	(22.939)	0	(100.733)	(32.024)	0	(109.120)
Aðrar skuldbindingar, (lækkun) hækkun	17	(1.495)	0	1.451	(1.495)	0	1.451
Fjármögnunarhreyfingar		282.716	20.374	(553.214)	(114.355)	(8.738)	(327.479)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		99.104	2.343	(119.360)	102.380	1.912	(156.154)
Yfirtekið handbært fé		0	0	0	0	0	46.491
Handbært fé í ársbyrjun		255.144	255.144	374.504	267.407	267.407	377.071
Handbært fé í árslok		354.248	257.487	255.144	369.788	269.319	267.407

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Fjarðabyggð er sveitarfélag á Austurlandi sem varð til við sameiningu sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps og var fjöldi íbúa þess 5.082 í árslok 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Eignarhaldsfélagið Hraun ehf. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Rafveita Reyðarfjarðar, Hitaveita Fjarðabyggðar, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Hafnarsjóður Fjarðabyggðar, Hjúkrunarheimili Fjarðabyggðar (Hulduhlíð og Uppsálfir) og Sorpstöð.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrarrekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Hafnarmannvirki	25 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir	15-25 ár
------------------	----------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisryrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutadeildarfélög eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutadeildarfélag eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélög A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta.

h. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð að því marki sem talið er að það nýtist.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

j. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

k. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

l. Öinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Öinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

m. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

n. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2018. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16. Áætlaðar næsta árgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

q. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 21.

r. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 25.

4. Sameining

Á árinu sameinuðust Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur. Sameiningin miðaðist við 10. júní 2018 og telst það sameiningardagur. Ársreikningur sameinaðs sveitarfélags er settur fram frá 1. janúar 2018 í samræmi við samlegðaraðferð. Í skýringu nr. 26 er gerð grein fyrir áhrifum sameiningarinnar á samanburðarfjárhæðir en þær eru jafnframt birtar miðað við samanlagðan rekstur sveitarfélaganna.

Skýringar, frh.:

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	3.009.673	2.935.972	2.786.400	3.009.673	2.935.972	2.786.400
Fasteignaskattur	704.788	695.390	668.595	686.860	680.962	650.758
Lóðarleiga	77.621	78.765	74.914	77.621	78.765	74.914
	<u>3.792.082</u>	<u>3.710.127</u>	<u>3.529.909</u>	<u>3.774.153</u>	<u>3.695.699</u>	<u>3.512.072</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	279.242	269.324	248.916	279.242	269.324	248.916
Útgjaldajöfnunarframlag.....	263.581	183.784	184.612	263.581	183.784	184.612
Framlög vegna fræðslumála.....	451.362	351.487	290.145	451.362	351.487	290.145
Vegna málefna fatlaðs fólks.....	113.636	127.200	128.635	113.636	127.200	128.635
Framlög til sameiningarverkefna.....	148.310	185.500	0	148.310	185.500	0
Önnur framlög.....	0	0	15.408	0	0	15.408
	<u>1.256.131</u>	<u>1.117.295</u>	<u>867.716</u>	<u>1.256.131</u>	<u>1.117.295</u>	<u>867.716</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>5.048.213</u>	<u>4.827.422</u>	<u>4.397.626</u>	<u>5.030.284</u>	<u>4.812.994</u>	<u>4.379.789</u>
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	878.205	907.112	866.137	3.093.223	2.370.747	2.920.044
Rekstrartekjur samtals	<u>5.926.418</u>	<u>5.734.534</u>	<u>5.263.762</u>	<u>8.123.507</u>	<u>7.183.741</u>	<u>7.299.833</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Laun	2.573.326	2.480.779	2.314.940	3.133.809	2.714.803	2.835.702
Launatengd gjöld	579.497	569.866	540.231	703.569	621.907	658.803
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	10.554	0	128.867	12.211	0	149.284
Annar starfsmannakostnaður.....	32.233	21.766	35.703	36.461	23.382	44.510
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>3.195.612</u>	<u>3.072.410</u>	<u>3.019.741</u>	<u>3.886.052</u>	<u>3.360.091</u>	<u>3.688.298</u>

	2018	2017
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	495	499
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	409	410
Ársverk.....	403	402
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	83.734	61.778

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Vaxtatekjur og verðbætur	17.592	4.726	23.463	18.137	4.726	24.923
Arður af eignarhlutum.....	16.118	14.679	18.747	16.118	14.679	18.747
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(110.137)	(94.141)	(64.940)	(406.083)	(427.410)	(350.302)
Gengismunur	7.142	0	(2)	7.126	0	(3)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	(208.180)	(237.361)	(218.809)	0	0	(0)
Niðurfærsla eignarhluta.....	(261)	0	(30.883)	0	0	16
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<u>(277.724)</u>	<u>(312.097)</u>	<u>(272.423)</u>	<u>(364.700)</u>	<u>(408.005)</u>	<u>(306.619)</u>

Skýringar, frh.:

8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	5.145.135	4.924.631	4.492.123
Félagsþjónusta	(454.046)	(467.857)	(438.172)
Heilbrigðismál	(53.557)	(53.089)	(18.566)
Fræðslu- og uppeldismál	(2.607.873)	(2.556.805)	(2.413.212)
Menningarmál	(217.797)	(217.723)	(216.491)
Æskulýðs- og íþróttamál	(752.031)	(718.563)	(719.990)
Brunamál og almannavarnir	(191.251)	(183.409)	(162.322)
Hreinlætismál	(10.255)	(9.018)	(9.775)
Skipulags- og byggingarmál	(51.511)	(60.559)	(24.738)
Umferðar- og samgöngumál	(282.701)	(251.309)	(263.798)
Umhverfismál	(185.401)	(161.472)	(136.168)
Atvinnumál	(72.452)	(66.333)	(34.835)
Sameiginlegur kostnaður	(272.461)	(257.392)	(239.433)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag vegna A deildar Brúar	(260.911)	(195.538)	(258.188)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	51.402	16.800	41.114
Aðalsjóður samtals	(215.710)	(257.637)	(402.452)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	340.592	384.822	370.965
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf	99.099	102.101	63.057
Innri færslur	(20.974)	0	0
A hluti samtals	203.007	229.287	31.571
B hluta fyrirtæki:			
Hitaveita Fjarðabyggðar	17.836	26.067	16.276
Rafveita Reyðarfjarðar	15.579	21.672	11.578
Fráveita	45.335	40.346	23.158
Vatnsveita	40.309	37.237	41.409
Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	417.903	182.346	298.999
Félagslegar íbúðir	(4.597)	(18.420)	19.148
Hjúkrunarheimili	(261)	0	28.883
Sorpstöð	(15.454)	7.479	3.000
Innri færslur	19.256	0	31.949
A og B hluti	738.910	526.015	505.971

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
A hluti:					
Heildarverð flutt frá Fjarðabyggð 31.12.2017.....	9.818.309	798.148	360.789	153.310	11.130.556
Heildarverð flutt frá Breiðdalshrepp 31.12.2017.....	241.457	15.080	14.674	0	271.211
Heildarverð sameinaðs sveitarfélags 1.1.2018.....	10.059.766	813.228	375.463	153.310	11.401.767
Endurmat lóða og lendna	160.677	0	0	0	160.677
Keypt á árinu	318.891	91.861	12.604	17.517	440.873
Selt á árinu	(77.599)	0	(6.240)	0	(83.839)
Heildarverð 31.12.2018.....	10.461.736	905.088	381.827	170.827	11.919.478
Afskrifað flutt frá Fjarðabyggð 31.12.2017.....	(3.422.483)	(321.923)	(236.117)	(102.931)	(4.083.454)
Afskrifað flutt frá Breiðdalshrepp 31.12.2017.....	(108.733)	(5.225)	(11.903)	0	(125.861)
Afskrifað sameinaðs sveitarfélags 1.1.2018.....	(3.531.216)	(327.148)	(248.020)	(102.931)	(4.209.315)
Afskrift færð út	77.030	0	4.015	0	81.045
Afskrifað á árinu	(178.756)	(35.387)	(22.029)	(17.717)	(253.889)
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	(3.632.942)	(362.535)	(266.035)	(120.648)	(4.382.159)
Bókfært verð 31.12.2017.....	6.528.550	486.080	127.442	50.379	7.192.452
Bókfært verð 31.12.2018.....	6.828.794	542.554	115.792	50.179	7.537.320
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	10-20%	4-7%	
	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
A og B hluti:					
Heildarverð 1.1.2018.....	10.681.670	8.839.594	417.882	206.407	20.145.553
Heildarverð 1.1.2018 flutt frá Breiðdal.....	359.617	340.812	10.315	0	710.744
Heildarverð sameinaðs sveitarfélags 1.1.2018.....	11.041.287	9.180.406	428.197	206.407	20.856.297
Endurmat lóða og lendna	160.677	0	0	0	160.677
Keypt á árinu	318.891	395.159	30.845	17.517	762.412
Selt á árinu.....	(81.855)	0	(6.240)	0	(88.095)
Heildarverð 31.12.2018.....	11.439.000	9.575.565	452.802	223.924	21.691.291
Afskrifað flutt frá Fjarðabyggð 31.12.2017.....	(3.898.819)	(4.112.382)	(258.822)	(147.847)	(8.417.870)
Afskrifað flutt frá Breiðdalshrepp 31.12.2017.....	(175.616)	(281.380)	(9.236)	0	(466.232)
Afskrifað sameinaðs sveitarfélags 1.1.2018.....	(4.074.435)	(4.393.762)	(268.058)	(147.847)	(8.884.102)
Afskrift færð út	75.234	0	9.030	0	84.264
Afskrifað á árinu	(207.196)	(270.621)	(25.742)	(21.359)	(524.917)
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	(4.206.397)	(4.664.382)	(284.770)	(169.206)	(9.324.755)
Bókfært verð 1.1.2018.....	6.966.852	4.786.644	160.139	58.561	11.972.196
Bókfært verð 31.12.2018.....	7.232.604	4.911.182	168.032	54.718	12.366.536
Afskriftarhlutföll	0-4%	2,5-4%	4-20%	4-7%	

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Eskifjarðarskóli - endurbætur*.....	14.005	0	14.005
Nesskóli - endurbætur/klæðning.....	38.952	35.000	3.952
Leikskólinn Lyngholt - stækkun og kaup á Félagslundi.....	140.129	142.000	(1.871)
Skólamiðstöðin á Fáskrúðsfirði - endurnýjun.....	62.205	35.200	27.005
Símonatún Eskifirði - uppkaup fasteigna.....	28.000	28.000	0
Skóláhúsnæði á Breiðdal - flutningur leikskóla ofl.....	1.708	33.000	(31.292)
Strandgata 65, Gamli barnaskólinn - kaup.....	5.882	5.400	482
Stefánslaug Neskaupstað - endurbætur.....	14.145	14.000	145
Skíðasvæðið í Oddskarði - vélahús.....	265	0	265
Íþróttahúsið Eskifirði - endurbætur.....	33.841	30.000	3.841
Lúdvíkshús Nesgata 20a - endurbygging.....	21.862	12.000	9.862
Breiðdalshreppur - ljóðsleiðari.....	0	16.640	(16.640)
Franski bærin - framlenging á leigusamningi við Minjavernd.....	17.517	17.517	0
Snjóflóðavarnir í Neskaupstað.....	(395)	2.000	(2.395)
Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði.....	(10)	0	(10)
Ofanflóðavarnir á Eskifirði.....	(6.300)	3.000	(9.300)
Tækjamiðstöðin.....	11.706	12.000	(294)
Millifærslur innan A hluta.....	(34.500)	(34.500)	0
	349.012	351.257	(2.245)
Gatnaframkvæmdir.....	110.665	106.000	4.665
Gatnagerðargjöld.....	(18.804)	(30.000)	11.196
	91.861	76.000	15.861
A hluti samtals.....	440.873	427.257	13.616
B hluti:			
Rafveita Reyðarfjarðar.....	20.754	17.900	2.854
Hitaveita Fjarðabyggðar.....	8.335	44.000	(35.665)
Fráveita.....	32.614	71.500	(38.886)
Vatnsveita.....	54.042	33.000	21.042
Hafnarsjóður Fjarðabyggðar.....	204.920	344.100	(139.180)
Hjúkrunarheimili.....	873	0	873
Sorpmiðstöð.....	0	5.000	(5.000)
B hluti samtals.....	321.538	515.500	(193.962)
Samtals A og B hluti.....	762.412	942.757	(180.346)

* Merktar fjárfestingar voru samþykktar sem viðhaldskostnaður í fjárhagsáætlun ársins 2018 eða samtals 14 millj. kr. Við gerð ársreiknings er það mat stjórnmenda að um fjárfestingu sé að ræða.

c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og vátryggingaverðmæti rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2018:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	17.304.464	19.771.071
Fasteignamat.....	5.285.040	6.321.049
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	1.506.789	2.089.914
Vátryggingaverðmæti skíðasvæðis.....	145.389	145.389
Vátryggingaverðmæti hafna.....	0	12.209.013
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	4.224.273

Skýringar, frh.:

10. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	3,4%	3,4%	296.154	296.154
Sparisjóður Austurlands	22,4%	22,4%	140.000	193.884
Dvalarheimilið Hulduhlíð	-	-	33.502	0
Dvalarheimilið Uppsalar	-	-	53.852	0
Loðnuvinnslan	1,1%	1,1%	23.430	23.430
Sorpmiðstöð	100,0%	-	6.800	0
Fiskmarkaður Austurlands	-	36,8%	-	54.910
Aðrir eignarhlutir og stofnframlög			13.255	13.347
			<u>566.993</u>	<u>581.725</u>
Niðurfærsla eignarhluta			(67.383)	(11.507)
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals			<u>499.610</u>	<u>570.218</u>

Á árinu var stofnfjárframlög til Uppsala og Hulduhlíðar niðurfærð um 0,3 millj. kr. í A hluta.

Hlutdeild í afkomu Fiskmarkaðs Austurlands nam 9,9 millj. kr. á árinu 2018 og hlutdeild í afkomu Sparisjóðs Austurlands nam 17,9 millj. kr.

11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign skattskyldra eininga í A og B hluta greinist þannig:

Hitaveita Fjarðarbyggðar og Rafveita Reyðarfjarðar eru B hluta fyrirtæki í ársreikningi sveitarfélagsins en fyrirtækin eru skattskyld samkvæmt lögum um orkufyrirtæki nr. 50/2005. Tekjuskattur er reiknaður miðað við skatthlutfall samkvæmt gildandi lögum á uppgjörstegi, nú 37,6%.

	A og B hluti		
	Rafveita	Hitaveita	Samtals
Tekjuskattseign í ársbyrjun	4.059	20.760	24.819
Reiknaður tekjuskattur	(9.265)	(9.491)	(18.756)
Tekjuskattur til greiðslu	5.088	0	5.088
Aðrar breytingar.....	(39)	0	(39)
(Tekjuskattsskuldbinding) tekjuskattseign í árslok	(157)	11.268	11.112

Tekjuskattseign sveitarfélagsins skiptist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(351)	(671)	(1.023)
Leigðar eignir	(853)	0	(853)
Birgðir	(17)	0	(17)
Skammtímakröfur	(1.304)	1.234	(71)
Lífeyrisskuldbinding.....	0	6.555	6.555
Leiguskuldir.....	2.369	0	2.369
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	4.152	4.152
	<u>(157)</u>	<u>11.268</u>	<u>11.112</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap Hitaveitu Fjarðabyggðar sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2009, nýtanlegt til 2019	11.041
	<u>11.041</u>

Skýringar, frh.:

12. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	Langtíma-	Langtímakröfur	
	kröfur á eigin fyrirtæki	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	235.194	0	0
Nýjar langtímakröfur á árinu.....	0	7.506	7.506
Verðbætur.....	7.334	368	368
Afborgun langtímakrafna á árinu	(17.167)	(769)	(769)
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	225.362	7.105	7.105
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	(14.366)	(629)	(629)
	210.996	6.476	6.476
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:			
Árið 2019.....	14.366	629	629
Árið 2020.....	15.032	629	629
Árið 2021.....	15.779	629	629
Árið 2022.....	16.530	629	629
Árið 2023.....	17.315	629	629
Afborgun síðar.....	146.340	3.960	3.960
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	225.362	7.105	7.105

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

13. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhlíða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Framangreint samkomulag hefur áhrif á aðalsjóð í A hluta og Hafnarsjóð, Fráveitu og Vatnsveitu í B hluta. Á árinu 2018 samþykktu bæjarstjórn Fjarðabyggðar og sveitarstjórn Breiðdalshrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nam framlag sveitarfélagsins 491,5 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 142,2 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi sem gjaldfært var að fullu á árinu 2017.
- 315,4 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, sem gjaldfært er á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 33,9 millj. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní

